



Alþingi
Erindi nr. P 133/81
komudagur 8.11.2006

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi menntamálanefnd
b.t. Elísabet R. Andrésdóttir

Reykjavík 6. nóvember 2006

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0610355SA SÓK
Tilv.: 360

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um Ríkisútvarpið ohf., og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Með bréfi menntamálanefndar Alþingis, dags. 20. október sl., fékk Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvörp til laga um Ríkisútvarpið ohf., 56. mál, heildarlög, og Sinfóníuhljómsveit Íslands, 57. mál, rekstraraðilar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.

Í frumvarpi til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands er verið að fækka þeim aðilum sem fjármagna rekstur hljómsveitarinnar. Gert er ráð fyrir því að Ríkisútvarpið hætti að greiða 25% af rekstri hljómsveitarinnar og að Seltjarnarneskaupstaður hætti jafnframt að greiða það eina prósent sem sveitarfélaginu hefur að lögum verið skylt að greiða fram að þessu. Eftir stendur hins vegar skylda Reykjavíkurborgar til að greiða 18% af rekstrarkostnaðinum.

Sambandið telur að lögbundin greiðslupátttaka sveitarfélaga í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé tímasekkja og í raun afar óeðlileg ráðstöfun. Ekki verða séð nein gild rök fyrir því að skylda Reykjavíkurborg eitt sveitarfélag til að standa undir verulegum hluta kostnaðar við þennan rekstur.

Sambandið leggur því til að kostnaðarpátttaka Reykjavíkurborgar verði felld niður með sama hætti og Seltjarnarneskaupstaðar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sigurður Óli Kolbeinsson
sviðsstjóri lögfræðisviðs